

Reglur SEL II hs.

1. gr.

Heiti sjóðsins, tegund, rekstrarform og rekstraraðili.

Heiti sjóðsins er SEL II hs., kt. 510724-9840 (í reglum þessum nefndur „sjóðurinn“). Sjóðurinn er hlutdeildarsjóður skv. IX. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Sjóðurinn verður eingöngu markaðssettur fagfjárfestum, eins og það hugtak er skilgreint í lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, er rekstraraðili sjóðsins (hér eftir í reglum þessum nefnt „rekstraraðili“ eða „Stefnir“) í samræmi við lög nr. 45/2020.

Sjóðurinn starfar óskiptur og hefur ekki heimild til markaðssetningar í öðrum ríkjum en á Íslandi. Grunnmynt sjóðsins er bandarískur dollari (USD).

2. gr.

Orðskýringar og skilgreiningar

Í reglum þessum merkir:

1. *Stofndagur sjóðsins* telst vera sá dagur sem rekstraraðili sjóðsins gefur út hlutdeildarskírteini sjóðsins í fyrsta sinn.
2. *Hlutdeildarskírteini* er fjármálagerningur sem er staðfesting á tilkalli allra þeirra sem eiga hlutdeild í sjóðnum.
3. *Heildarstærð sjóðsins* er skilgreind sem virði eigna sjóðsins.

3. gr.

Ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins

Sjóðurinn er rekinn í einni deild. Fjárfestingar sjóðsins fjármagnar hann með útgáfu skuldabréfa (hér eftir notað jöfnum höndum „skuldabréf“ eða „skuldaskjöl“ um skuldabréf útgefin af sjóðnum) og hlutdeildarskírteina sbr. 9. gr. reglna sjóðsins. Skuldabréf sjóðsins skulu skráð á aðalmarkað Nasdaq Iceland ekki seinna en 6 mánuðum eftir útgáfudag þess. Ábyrgð á greiðslu skuldbindinga sjóðsins er fólgin í þeim eignum sem sjóðurinn á hverju sinni. Hvorki rekstraraðili, vörsluaðili né viðskiptabanki sjóðsins bera ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins.

Eigendur hlutdeildarskírteina og skuldaskjala sjóðsins geta eingöngu beint kröfum sínum gegn sjóðnum. Í bókhaldi og ársreikningum rekstraraðila er eignum og skuldbindingum sjóðsins haldið aðskildum frá öðrum eignum rekstraraðila og sjóðum á vegum þess. Greiðsluskyldur sjóðsins skulu einungis inntar af hendi með eignum sjóðsins á hverjum tíma. Rekstraraðili ábyrgist ekki greiðslu fjárskuldbindinga sjóðsins og er ekki við nokkrar kringumstæður ábyrgur fyrir skuldbindingum sjóðsins, hvorki að hluta né í heild.

Rekstraraðili skipar sjóðnum sjóðstjóra og staðgengil hans. Skal sjóðstjóra heimilt að skuldbinda sjóðinn í samræmi við undirritunarreglur rekstraraðila.

Hlutdeildarskírteinishafar bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins.

Stjórn og starfsmenn rekstraraðila bera ekki ábyrgð á tjóni sem sjóðurinn kann að vera fyrir, nema sýnt sé fram á að tjón sé til komið vegna háttsemi sem telst til ásetnings eða stórfellds gáleysis viðkomandi.

4. gr.

Markmið, fjárfestingarheimildir og fjárfestingarstefna sjóðsins

1. Markmið

Markmið sjóðsins er að skila góðri arðsemi og tryggja að hann geti mætt greiðsluflæði vegna skuldabréfa sem sjóðurinn gefur út.

2. Fjárfestingarheimildir

Sjóðurinn hefur rúmar fjárfestingarheimildir til fjárfestinga í öllum fjármálagerningum, sé það gert í þeim tilgangi að mæta og tryggja greiðsluflæði vegna skuldabréfa sem sjóðurinn gefur út.

Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast við ákvæði laga nr. 45/2020, að frátöldum takmörkunum í X. kafla laganna er fjalla um sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta, og eftirfarandi fjárfestingarstefnu sjóðsins:

3. Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefna sjóðsins er takmörkuð við eftirfarandi fjárfestingar

- a) Skuldabréf útgefin af innlendra fjármálastofnun
- b) Afleiður tengdar við hlutabréfavisitölur, hlutabréf, verðbréfasjóði eða körfur af hlutabréfum, jafnt innan sem utan skipulegra verðbréfamarkaða
- c) Innlán, peningamarkaðsgerningar og skammtímasjóðir til lausafjárstýringar

Hlutföll fjárfestinga sjóðsins skulu miða út frá að mæta og tryggja greiðsluflæði vegna skuldabréfa sem sjóðurinn gefur út.

5. gr.

Afleiður

Afleiður sem sjóðurinn notar eru einkum valréttir. Í tilviki valréttar kaupir sjóðurinn rétt til þess að eiga viðskipti með fjármálagerninga á fyrirfram ákveðnu verði og tíma í framtíðinni. Kaupi sjóðurinn valrétti takmarkast áhætta sjóðsins við það verð sem hann greiddi fyrir valréttinn.

Sjóðurinn getur átt í viðskiptum með kauprétti. Í tilfelli kaupréttar geta þeir innihaldið þak í ávöxtun undirliggjandi eigna. Sjóðurinn getur einnig selt kauprétti í þeim tilgangi að setja þak á ávöxtun undirliggjandi eigna en í þeim tilfellum verður sjóðurinn að hafa keypt kauprétti með sömu undirliggjandi eignir með lægri viðmiðunarverð (e. Strike) og með hærra eða sama virði undirliggjandi eigna.

6. gr.

Vörsluaðili sjóðsins

Vörsluaðili sjóðsins er Arion banki hf., kt. 581008-0150 (hér eftir Arion banki eða vörsluaðili), Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Vörsluaðili starfar í samræmi við ákvæði

IV. kafla laga nr. 45/2020. Stefnir getur einn tekið ákvörðun um að skipta um vörsluaðila sjóðsins. Um verkefni sjóðsins hjá vörsluaðila fer nánar skv. samningum rekstraraðila og viðkomandi vörsluaðila.

Þóknun vörsluaðila er innifalin í þóknun rekstraraðila skv. 7.gr.

7. gr.

Umsýsluþóknun rekstraraðila og aðrar þóknanir

Umsýsluþóknun: Þóknun rekstraraðila fyrir rekstur sjóðsins nemur 0,165% á ári af heildar nafnvirði allra útgefinna skuldabréfa sjóðsins á meðan hann er starfræktur og skal greiðslan innt af hendi mánaðarlega.

Breytanleg þóknun: Sjóðurinn greiðir rekstraraðila breytanlega þóknun sem nemur þeim hagnaði sem eftir stendur í sjóðnum þegar liðir a) og b) skv. 3. mgr. 9. gr. reglna sjóðsins hafa verið greiddir og teknir hafa verið frá fjármunir til uppgreiðslu hlutdeildarskírteina í samræmi við 8. gr. Breytanleg þóknun er greidd til rekstraraðila þegar sjóðurinn hefur tryggt að slík ráðstöfun skerði ekki möguleika sjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar í framtíðinni miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar þegar slík ráðstöfun á sér stað.

Þóknun vörsluaðila fyrir umsjón og vörslu fjármálagerna sjóðsins er innifalin í þóknun rekstraraðila.

Beinn útlagður kostnaður vegna reksturs sjóðsins er ekki innifalinn í þóknun Stefnis hf.

Rekstraraðili áskilur sér rétt til að krefjast endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa, annarra en eignastýringarkerfa, kostnað vegna fjármálaeftirlits, kostnað vegna áskriftar að verðbréfavísitölum ef um það er að ræða, kostnað vegna skráningar skuldabréfs útgefið af sjóðnum þ.m.t. vegna skráningarlýsingar, hugbúnaðar, endurskoðunar, kostnað vegna kaupa á þjónustu tengdum afleiðum, þ.m.t. vegna milligöngu, miðlunar, vörslu og umsýslu, lögfræðikostnaðar og póst og pappírskostnaðar og annars slíks. Gjaldfærður kostnaður vegna framangreindra liða má þó ekki verða hærri en sem nemur 0,07% á ári af heildar nafnvirði allra útgefinna skuldabréfa sjóðsins á meðan hann er starfræktur.

Leiði sérstakar aðstæður til þess að verja þarf hagsmuni sjóðsins með aðgerðum sem fyrrsjáanlega fara umtalsvert fram úr framangreindu hlutfalli má gjaldfæra kostnað vegna þess hjá sjóðnum, enda leiði mat Stefnis til þeirrar niðurstöðu að hagsmunum eigenda skuldaskjala sjóðsins og hlutdeildarskírteinishafa sé best borgið með þeim hætti. Slík gjaldfærsla er háð tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins.

8. gr.

Mat á eignum sjóðsins og innlausn

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sjóðsins er nafnverð þeirra að viðbættum 6% árlegum vöxtum.

Mat á eignum sjóðsins fer skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Samkvæmt 26. gr. laganna skulu eignir sjóðsins á hverjum tíma endurspegla raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna.

Fjármálagerningar, sem sjóðurinn hefur fjárfest í og eru skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar. Virði annarra fjármálagerninga skal háð mati rekstraraðila sjóðsins, undir eftirliti vörsluaðila og ytri endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Skal rekstraraðili halda skrá yfir mat óskráðra eigna þar sem fram koma forsendur við mat á eignum.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu vera óinnleysanleg þar til skuldabréf og aðrar skuldbindingar sjóðsins hafa verið greiddar upp að fullu, sbr. 3. mgr. 9. gr.

Gengi hlutdeildarskírteina sjóðsins skal reiknað mánaðarlega. Andvirði hlutdeildarskírteina og ávöxtun skal haldið sérgreindu frá öðrum eignum sjóðsins og skal gengi þeirra endurspegla þá ávöxtun.

9. gr.

Fjármögnun og ráðstafanir

Sjóðurinn fjármagnar fjárfestingar sínar með útgáfu skuldabréfa og hlutdeildarskírteina. Hlutdeildarskírteinin eru að andvirði 100 USD á stofndegi sjóðsins. Sjóðnum er heimilt að gefa út skuldabréf í íslenskum krónum (ISK), USD eða evrum (EUR) eða í blöndu af þessum myntum.

Skuldari skuldaskjala og annarra skuldbindinga sem sjóðurinn gefur út er sjóðurinn sjálfur.

Greiðslum til sjóðsins skal ráðstafað af sjóðnum í eftirfarandi röð:

- a) Til greiðslu opinberra gjalda og til greiðslu rekstrarkostnaðar sjóðsins, þ.m.t. allra umsýsluþóknana skv. 7. gr. og áfallins annars kostnaðar o.fl. gjalda sem eru til komin vegna rekstrar hans.
- b) Í samræmi við skilmála þeirra skuldaskjala sem sjóðurinn hefur gefið út.
- c) Til greiðslu breytanlegrar þóknunar sjóðsins skv. 7. gr.
- d) Til innlausnar á hlutdeildarskírteinum skv. 1. mgr. 8. gr.

Kröfur á grundvelli hlutdeildarskírteina eru réttlægri öðrum kröfum gerðum á hendur sjóðnum og þau verða einungis innleyst þegar búið er að gera upp við eigendur skuldaskjala sbr. b) lið 3. mgr. 9. gr. og gera upp allar kröfur skv. a) og c) lið 3. mgr. 9. gr.

Rekstraraðila er óheimilt að veðsetja eignir sjóðsins og/eða tekjur að öðru leyti en til trygginga á greiðslum á skuldabréfum skv. b) lið 2. mgr.

Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður. Ekki verður greiddur út arður af hlutdeildarskírteinum sjóðsins en óheimilt er að ráðstafa fjármunum til hlutdeildarskírteinishafa fyrr en skuldabréf útgefin af sjóðnum hafa verið greidd að fullu, sbr. 4 mgr. 8. gr og b) liður 3. mgr. 9. gr auk uppgjörs krafna skv. a) og c) lið 3. mgr. 9. gr.

10. gr.

Um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði.

Ákvörðun um slit sjóðsins skal tekin af Stefni og tilkynnt Fjármálaeftirlitinu í samræmi við ákvæði laga. Rekstraraðili sjóðsins tekur ákvörðun um samruna sjóðsins við aðra sjóði en er með öllu óheimilt að gera það nema með samþykki hlutdeildarskírteinishafa.

Komi til slita sjóðsins skal Stefnir koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa og eigenda skuldaskjala sjóðsins í fyrirrúmi og deila niður hreinum afrakstri af slíkum slitum, að fráðregnum öllum kostnaði þeim tengdum í samræmi við reglur þessar.

Rekstraraðila er aðeins heimilt að slíta sjóðnum eða ganga í samruna sjóðsins við aðra sjóði að uppfylltum neðangreindum skilyrðum:

- a) Skuldabréf útgefin af sjóðnum hafa verið greidd að fullu.
- b) Rekstraraðili sjóðsins hefur með þriggja mánaða fyrirvara tilkynnt hlutdeildarskírteinishöfum að sjóðnum verði slitið.

11. gr.

Útgáfa hlutdeildarskírteina

Hlutdeildarskírteini sjóðsins er aðeins heimilt að selja fagfjárfestum, sbr. 14. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, sbr. ákv. 7. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 45/2020.

Allir, sem eiga hlutdeild að sjóðnum, eiga sama rétt til eigna og tekna hans í hlutfalli við eign sína. Þeir sem fá sjóðnum fjármuni fá í hendur kvittun fyrir kaupum á hlutdeildarskírteinum sem staðfestir að lágmarki, kaupdag, fjölda eininga og kaupverð.

Hlutdeildarskírteini verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs, sbr. 77. gr. laga nr. 45/2020. Sjóðurinn gefur út hlutdeildarskírteini í einingaformi. Hlutdeildarskírteini sjóðsins verða gefin út af Stefni hf. til þeirra sem fá sjóðnum fjármuni til ávöxtunar og óska eftir því, sbr. 1. mgr. 74. gr. laga nr. 45/2020. Hlutdeildarskírteini verða send þeim sem þess óska í ábyrgðarpósti eigi síðar en 30 dögum eftir að kaupin eiga sér stað og söluaðili hefur gefið út kvittun.

Rekstraraðili sjóðsins eða vörslufyrirtækið skal halda skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðnum, sbr. 1. mgr. 76. gr. laga nr. 45/2020

Rekstraraðili skal hafa frjálst og óskorðað vald til að velja og hafna þeim er leggja fram áskriftarbeiðni og óska eftir að kaupa hlut í sjóðnum, án þess að rökstyðja sína ákvörðun.

Á stofndegi sjóðsins er heildarfjöldi eininga í sjóðnum 100. Sjóðurinn er lokaður þannig ekki verður um frekari útgáfu á hlutdeildarskírteinum sjóðsins að ræða.

Samþykkt af stjórn Stefnis hf.
Reykjavík, 25. júní 2024,
með breytingum gerðum þann 1. nóvember 2024
og 20. mars 2025.

Undirritunarsíða

Sigrún Ragna Ólafsdóttir

Guðmundur Jóhann Jónsson

Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir